

Húsbílabragur

eftir Gunnar Rögnvaldsson Skagafirði

Lag: Tvær úr tungunum.

Er sólin hækkar himni á
og hiti á veðurstöð
Úti á vegum oft má sjá
í einni langri röð.
Flota mikinn fara um
sem feikna skipalest.
En svona að eyða sumrunum
finnst sumum allra best.

Það eru Flakkarar á ferðalagi
fjölmennir á svæðunum.
Sinna vel um sína hagi
sólbrún undir klæðunum.
Á grillið setja gráa lambið
ganga bíl úr bíl.
Kótiletur kaffipambið
hver með eigin stíl.

Bílaflotinn flottur er
svo fjarska gljáandi.
En grúski einhver glöggur þar
er geysi sláandi.
Að tegundirnar telja má
í tugum eða svo.
Og sumir hafa soðið þá
saman tvo og tvo.

Þar eru Fíatar og Fordarar
og fólksvagnar og pikkupar.
Heimasmíðuð húshynni
hallir kot og meðalfar.
Símavagn frá Sauðárkróki
sjúkrabíll úr Kjós.
Og eigendurnir allir vilja
auðvitað fá hrós.

Að nefna bílinn nauðsyn er
og nálgast athöfn sú.
Er móðir litla barnið ber
til blessunar í trú.
Ýmsir bera bæjarnöfn
eða bara eitthvert grín.
Fugla blóm og heimahöfn
er hefðin prýðisfín.

Þar eru
Gammurinn og geirfuglinn
og gölturinn og hamsturinn.
Flórigoðinn og forsetinn
og frelsarinn og presturinn.
Lýsingur og léttfeti
og langhundur og Snar.
Sóley, Fjóla, Fífill, Smári
í förum allstaðar.

Að lulla svona landið um
er lífstíll ágætur.
Og vandi út á vegunum
virðist fágætur.
Að vísu Dodda í Dæli brá
á dráttarvélinni.
Er áttatíu á eftir sá
æki í þokunni.

Það eru Flakkarar á ferð um landið
fundu stæði hér í kvöld.
Settust inn með bús og blandið
bíða þeirra veisluhöld.
Á eftir Bassi leikur meðan liðið hefur þrótt
og þetta verður geðveikt grúví gilli fram á nótt.
Og þetta verður geðveikt grúví gilli fram á rauða nótt.

*Gunnar Rögnvaldsson staðarhaldari á Löngumýri
og Jón Hallur Ingólfsson bankamaður í KB banka fluttu
braginn í lokahófi Stóru ferðar Flakkara 2009.*